

REGLUGERÐ

um gestagjöld á Þingvöllum.

1. gr.

Þingvallanefnd er heimilt að taka eftirtalin gjöld:

- a. Fyrir gistingu á tjaldstæðum sem hér segir:
 1. Fyrir einstaklinga á aldrinum 14 til 66 ára kr. 450 fyrir hverja nótt.
 2. Fyrir einstaklinga 67 ára og eldri kr. 225 fyrir hverja nótt.
- b. Fyrir köfun kr. 1.000 á dag eða kr. 5.000 á ári.

2. gr.

Þingvallanefnd er heimilt að taka gjald fyrir leyfi til að veiða í Þingvallavatni samkvæmt samþykktum Veiðifélags Þingvallavatns.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 6. gr. laga um friðun Þingvalla, nr. 59/1928, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 26. apríl 1995.

Davíð Oddsson.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskránumera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 46% af tollverði vöru í vöruliðum 1806 og 1901, 90% af tollverði vöru í vörulið 1902 og 37% af vöru í vörlið 1905.

Tollskránumer	kr/kg	Tollskránumer	kr/kg
1806.2009	50	1901.2022	40
1806.3101	54	1901.2029	52
1806.3109	54	1902.1100	13
1806.3202	50	1902.2031	46
1806.3203	22	1902.3031	46
1806.3209	22	1905.2000	36
1806.9022	19	1905.3011	16